



Nr. 11/2006

Tilkynning um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og gilda vextir samkvæmt þessum kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.¹

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum		Vextir alls á ári f.o.m. 1. des. 2006
1.	Grunnur dráttarvaxta ²	12,25%
2.	Vanefndaálag ³	11,25%
3.	Dráttarvextir ⁴	23,50%

II. Almennir vextir		Vextir alls á ári f.o.m. 1. des. 2006
1.	Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁵	15,5%
2.	Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁵	4,85%
3.	Vextir af skaðabótakröfum ⁶	10,3%

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. desember 2006, fellur úr gildi tilkynning nr. 10/2006 dags 24. október 2006 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 23. nóvember 2006.
SEDLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson

Eiríkur Guðnason

¹ Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánsamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“

Með vaxtatilkynningu Seðlabankans nr. 5/2006, sem gildir fyrir júní sama ár, lauk Seðlabankinn hlutverki því sem honum hafði verið falið í nefndu bráðabirgðaákvæði III, þ.e. að ákvarða með sama hætti og áður dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt í lánsamningum, gerðum fyrir gildistöku laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, síðustu fimm árin eftir gildistöku nefndra laga, en lögin tóku gildi 1. júlí 2001.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III skulu dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt, eftirleiðis vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laga nr. 38/2001, þ.e. dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt samkvæmt III. kafla vaxtatilkynningar nr. 5/2006.

Samkvæmt þessu skulu því eftirfarandi dráttarvextir gilda um peningakröfur í erlendri mynt, sbr. III. kafla vaxtatilkynningar nr. 5/2006 dagsettri 26. maí 2006:

1.	Bandaríkjadollurum	8,0%
2.	Sterlingspundum	7,5%
3.	Dönskum krónum	6,0%
4.	Norskum krónum	6,0%
5.	Sænskum krónum	5,5%
6.	Svissneskum frönskum	5,0%
7.	Japönskum jenum	5,0%
8.	Evrurum*	5,5%

*Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í Evrum.

² Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtfimalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.

³ Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.

⁴ Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistöku daga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

⁵ Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna.

Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánsamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“

Nú segir í lánsamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“

⁶ Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laganna.